

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 1**

17. árgangur

7.1.2010

---

<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2010/EES/1/01</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5718 – Bregal Capital/Englefield Capital) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>1</b>
<b>2010/EES/1/02</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5746 – Bosch/Deutz/Eberspächer)	<b>2</b>
<b>2010/EES/1/03</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5759 – Macquarie Funds/Antin IP/Pisto Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>3</b>
3.	<b>Dómstóllinn</b>	

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5718 – Bregal Capital/Englefield Capital)**

**2010/EES/1/01**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Bregal Capital Limited („Bregal Capital“), sem lýtur yfirláðum hins svissneska COFRA Holding AG („COFRA“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Englefield Capital LLP („Englefield“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bregal Capital: hlutafélag sem sinnir fjárfestingum í fyrirtækjum
  - COFRA: smásala, fasteignir, fjármálaþjónusta, fjárfestingastýring og endurnýjanleg orka
  - Englefield: rekstur ýmissa sjóða sem fjárfesta í óskráðum félögum, einkum evrópskum miðstærðarfyrirtækjum í ýmsum atvinnugreinum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 323, 31. desember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5718 – Bregal Capital/Englefield Capital, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5746 – Bosch/Deutz/Eberspächer)**

2010/EES/1/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Robert Bosch GmbH („Bosch“), Deutz Abgastechnik GmbH („Deutz“) og Eberspächer GmbH & Co. KG („Eberspächer“) setja á stofn og öðlast í sameiningu yfirráð í nýju sameiginlegu fyrirtæki með fullri starfsemi sem ætlað er að framleiða hreinsibúnað fyrir útblástur dísilvéla, bæði í hreyfanlegum vélum til nota utanvega og ökutækjum til sérstakra nota sem eru framleidd í fáum eintökum, auk búnaðar til virkrar endurnýjunar í sótagnasium fyrir dísilvélaútbástur.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bosch: tæknibúnaður í vélknúin ökutæki, tæknibúnaður til iðnaðarnota, tæknibúnaður í neytendabúnað og tæknibúnaður til nota í byggingariðnaði (um allan heim)
  - Deutz: dísilvélar (um allan heim)
  - Eberspächer: útblásturstækni og hitunarbúnaður fyrir ökutæki (um allan heim)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 001, 5. janúar 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5746 – Bosch/Deutz/Eberspächer, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5759 – Macquarie Funds/Antin IP/Pisto Group)**

2010/EES/1/03

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem Macquarie Funds og franska fyrirtækið Antin Infrastructure Partners („Antin IP“) öðlast með samþykkt tiltekinna samningsákvæða um neitunarvald í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í lúxemborgska fyrirtækinu Macquarie Strategic Storage Facilities Holdings S.a.r.l. („MSSFH“) og dótturfélögum þess (einu nafni „Pisto-samsteypunni“, Frakklandi).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Macquarie Funds: fjárfestingar í verðbréfum og grunnvirkjum
  - Antin IP: sjóður sem sinnir fjárfestingum í grunnvirkjum og er rekinn á vegum BNP Paribas, franskra banka- og fjármálasamsteypu
  - Pisto-samsteypan: geymsla olíufurða
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 004, 8. janúar 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5718 – Bregal Capital/Englefield Capital, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.